

FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnaþraut 13, 540 Blönduós

10. árg. 5. tbl. 2011

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: www.rhs.is

Ábm. Gunnar Ríkharðss.

netf.: rhs@bondi.is

netf.: rhs@bondi.is

Maí 2011

Áburðardreifing

Í vetur höfum við á fundum og í fréttabréfum beint nokkurri athygli að gróffóðurgæðum á svæðinu og áhrifum þeirra á afurðir. Nú í vorbyrjun er því rétt að eyða nokkrum orðum í áburðardreifingu sem eðlilega er fyrsta skrefið í gróffóðuröfluninni.

Það liggur fyrir að fóðurgildi heyja eru því meiri sem fyrr er slegið bæði hvað varðar meltanleika og prótein. Til að geta slegið snemma þarf þó einnig að bera snemma á. Síðustu sumur hafa verið einsleit hvað tvennt varðar; um vorið og fyrri hluta sumars hefur verið mjög lítil úrkoma og sumrin hafa verið óvanalega hlý. Það segir sig sjálft að í slíku tíðarfari er afar mikilvægt að nýta rakann sem er í jarðveginum fyrst á vorin til að leysa upp áburðinn. Í hlýjum sumrum fellur meltanleiki grasanna hraðar en þegar kalt er, sem þýðir að sláttutíminn þarf að færast framár í dagskrána en ella. Þetta hvort tveggja eykur þýðingu þess að koma áburðinum snemma á túnin.

Best er að haga áburðardreifingu þannig að áburðarefnin séu til reiðu þegar plöntunarnar þarfnast þeirra eða í „gapandi ginið á gráðugum gróðrinum“. Ágætt er að miða við að tún séu rétt að byrja að grænka og er t.d. ágætt viðmið að bera á **ÁÐUR** en meðalhiti sólarhrings nær 7-7,5 °C sem víðast gerist á tímabilinu frá miðjum maí til mánaðarmóta maí-júní.

Vissulega kann áburðargjöf svo snemma að vori að þýða að hluti áhrifa áburðarins fari í beitina séu tún beitt að vori. Heyuppskera kann þá að rýrna eitthvað að sama skapi. Þessi munur minnkar þó að öllum líkindum í þurrum sumrum, þar sem jarðraki verður takmarkandi þáttur, ef seint er borið á, sem vegur þar upp á móti. Sömuleiðis má ekki gleyma því að góð vorbeit á nýja leggur grunn að auknum vexti lambanna sem þær mjólka.

Sauðfjársjúkdómar

Á vef Landbúnaðarháskóla Íslands www.lbhi.is undir „Útgáfa“ og þar undir „Ritað efni“ má finna ýmislegt fræðsluefni. Þar eru meðal annars kaflar úr kennsluefni sem notað hefur verið á námskeiðum í sauðfjárrækt á Vesturlandi og munu koma út í nýrri kennslubók um sauðfjárrækt. Þar á meðal er til að mynda að finna afar ítarlegan kafla um sjúkdóma í sauðfé. Þar er farið afar vandlega í bæði almenna sauðfjársjúkdóma og svo þá sem upp kunna að koma á sauðburði.

Við hvetjum alla sauðfjorbændur til að gefa sér tíma til að skoða þetta og jafnvel prenta út nú í upphafi sauðburðar því alltaf getur verið gott að glöggva sig á einkennum helstu sjúkdóma og oftast hægt að læra eitthvað nýtt eða rifja upp.

Bændatorg

Bændatorg, upplýsingagátt fyrir bændur og ráðunauta, er ný vefþjónusta frá BÍ sem er komin í notkun. Í hægra horninu uppi á bondi.is er hnappur sem heitir „Bændatorg“. Þegar smellt er á hann birtist innskráningargluggi inn á Bændatorgið þar sem notendur geta náð í margvíslegar upplýsingar úr sínum búrekstri.

Með Bændatorginu þurfa bændur eingöngu að nota eitt lykilorð í stað þess að skrá sig inn í mörg kerfi eins og verið hefur. Á vefnum geta bændur og ráðunautar skipst á upplýsingum en stefnt er að því að samskipti þeirra á milli fari í ríkari mæli í gegnum Bændatorgið þegar fram líða stundir. Öruggur aðgangur er tryggður með rafrænu auðkenni en meðal upplýsinga sem bændur geta fengið á Bændatorginu eru yfirlit úr skýrsluhaldskerfum, upplýsingar um beingreiðslur og grunnupplýsingar um bú og félagsaðild. Við hvetjum bændur til að skoða Bændatorgið og nýta sér þá möguleika sem það hefur upp á að bjóða.

Reiðmaðurinn 2011-2013

Reiðmaðurinn - Nám í reiðmennsku og hrossarækt fyrirhugað í Húnavatnssýslu ef áhugi er fyrir hendi.

Reiðmaðurinn er heiti á námskeiðsröð sem ætluð er fróðleiksfúsu hestafólki. Námið er tilvalið fyrir þá sem vilja auka færni sína í reiðmennsku og þekkingu á hrossarækt og almennu hestahaldi. Reiðmaðurinn er á vegum Endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands.

Reiðmaðurinn er tveggja ára nám, sem hægt er að taka samhliða vinnu eða öðru námi. Bóklegi hlutinn er tekinn fyrst og fremst í fjarnámi en einnig er tveggja daga staðarlota á Hvanneyri á önn. Fjórar verklegar helgar eru á hverri önn þar sem unnið er með eigin hest. Áætlað er að bjóða verklega námið fram í Húnavatnssýslu, á höfuðborgarsvæðinu og Hellu. Umsóknir eru tengdar því svæði sem næst er nema annað sé tekið fram. Staðsetningarnar eru þó hafðar með fyrirvara um breytingar.

Megináhersla er lögð á reiðmennsku. Einnig er fjallað um almenn atriði sem snúa að hrossarækt og almennu hestahaldi, s.s. fóðrun, frjósemi og kynbætur.

Námið er metið til 33 ECVET – eininga á framhaldsskólastigi og lýkur námskeiðsröðinni með sérstakri viðurkenningu frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 16 ára aldri.

Endurmenntun LbhÍ sér um framkvæmdina en að auki koma Landssamband hestamannafélaga og Félag hrossabænda að náminu.

Umsóknafrestur er til 4. júní 2011. Nánari upplýsingar um Reiðmanninn og umsóknaeyðublað má finna á www.lbhi.is/namskeid undir Reiðmaðurinn í vinstri stíku eða um netfangið endurmenntun@lbhi.is

Kynbótasýningar á vestur og norðurlandi 2011

Hver sýning er sett á ákveðna viku en síðan þarf að ákveða hvaða dagar verða valdir innan vikunnar

16.5 – 20.5	Eyjafjörður	27.6 – 03.7	Landsmót á Vindheimamelum
23.5 – 27.5	Hvammstangi	15.8 – 19.8	Hvammstangi / Blönduós
30.5 - 3.6	Vindheimamelar	15.8 – 19.8	Borgarfjörður
06.6 – 10.6	Eyjafjörður	22.8 – 26.8	Vindheimamelar
06.6 – 10.6	Borgarfjörður		

Minum á reglur um kynbótasýningar:

1. Öll hross sem koma til kynbótadóms verða að vera grunnskráð og örmerkt.
2. Allir stóðhestar þurfa að vera DNA-greindir svo og báðir foreldrar þeirra.
3. Úr öllum stóðhestum 5 vetra og eldri þarf að hafa verið tekið blóðsýni við komu til dóms og teknar röntgenmyndir af hækjum og niðurstöður skráðar í WF.
4. Hófar mega að hámarki vera 9,5 cm langir ef hæð á herðar mælist 137-144 cm. Ef hestur er lægri en 137 cm er hámarkslengd hófa 9,0 cm en ef hestur er hærri en 144 cm er hámarkslengd 10,0 cm. Ekki má muna meira en 2 cm á lengd fram- og afturhófa. Hámarksþykkt skeifna er 8 mm og hámarksbreidd 23 mm. Sama breidd skal vera á fram- og afturfótaskeifum en mest má muna 2mm í þykkt. Skeifurnar skulu vera samstæðar og úr samskonar efni.

Í vor mun verða strangt eftirlit með þessum reglum og verður ekki hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema öll atriði séu í lagi. Mæti hross á sýningarstað og eitthvað af upplýsingum vantar, verður þeim vísað frá sýningunni. Sýningargjald er 15.000 kr fyrir fullnaðardóm en 10.500 kr fyrir annað hvort hæfileika eða byggingu.